

Nd.

663. Breytingartillögur

[82. mál]

við frv. til l. um Ríkismat sjávarafurða.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (StG, JM, NL, BD).

1. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Ríkismat sjávarafurða hefur heimild til að stöðva vinnslu fisks og enn fremur pökkun og útflutning ef þrif og búnaður vinnslustöðva eða flutningatækja, gæði afurða, merking þeirra, umbúðir og frágangur er ekki í samræmi við reglur sem settar eru samkvæmt lögum þessum. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun samkvæmt þessari grein.

Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu eða pökkun á fiskafurðum ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða á hvern hátt hagnýta megi afurðirnar og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að vinnsla, pökkun og útflutningur megi hefjast að nýju.

Ráðuneytinu er heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi síni hann vítaverða meðferð hráefnis eða komi alvarlegir gallar í ljós í afurðum hans.

Ráðuneytið setur nánari reglur um skilyrði fyrir veitingu og sviptingu vinnsluleyfis.

2. Heiti VI. kafla verði: **Um skyldur útflytjenda.**

3. Við 17. gr. Greinin falli brott.

4. 28. gr., sem verður 27. gr., orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1984.

5. Orðin „1. mars 1984“ í ákvæði til bráðabirgða verði: 1. ágúst 1984.